

# Hrafntóftir

## Deiliskipulag



DEILISKULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000

### Greinargerð

#### Inngangur

Deiliskipulagið tekur samtals til 4,4 ha hluta svæðis úr lóðum Hrafnhólma og Hrafntófta 3, sem nýlega hefur verið skipt út úr landi Hrafntófta 2 L165393, í Rangárþingi ytra. Markmið deiliskipulagsins er að afmarka byggingarreiti á umræddum lóðum fyrir íbúðarhús, bílskúr, gestahús og skemmu auk almennra skipulagsskilmála fyrir löðirnar og skilgreina aðkomu að þeim. Ekkí er til deiliskipulag af svæðinu en skv. Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Aðkomu að landinu er af þykkvabæjarvegi.

#### Forsendur og stadhettir

Lóðin Hrafntóftir 3 liggur vestan við Þykkvabæjarveg og er landið að mestu leytí ræktad land. Lóðin Hrafnhólmi liggur austan við Þykkvabæjarveg og liggur að Ytri-Rangá og skráð stærð jarðarinnar er 5,5 ha. Aðkomu að landinu er frá Þykkvabæjarvegi.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir ásvæðinu votlendi, hraungambravist, viðkjarrivist, mosamóavist, snarrtarvist, blómgresivist, tún og akurlendi.

#### Fornminjar

Engar fornminjar eru skráðar á skipulagssvæðinu. Finnist áður ókunnar fornminjar ver að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fíjott og auðið er skv. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

#### Náttúruvá

Náttúruvá á svæðinu er einna helst vegna jarðskálfta. Upptök stórra skjálfta liggja austarlega að A-V jarðskálftabeltinu á Suðurlandi. Skjálftarnir verða sterktar næst skjálftamiðju, en það dregur úr styrkleikanum eftir því sem vestar dregur. Vegna jarðskálftahættu er nauðsynlegt að hyggja sérstaklega vel að undirstóðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökkum.

#### Tengsl við aðrar áætlunar

Landsskipulagsstefna 2015 - 2026 í landsskipulagsstefnu segir um skipulag í dreifþýli: „Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifþýli. Skipulagsávæðanir um staðsettningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifþýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og stadháttum. Um leið verði gætt að hágvænni varðandi samgöngur og veitir og að byggð gangi ekki að óþóru að svæði sem eru verðmælt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar.“

#### Aðalskipulag Rangárþingsytra 2016 - 2028

Skipulagssvæðið er í samræmi viðgildandi aðalskipulag Rangárþings ytra. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið á landbúnaðarsvæði. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í kafla 2.3.1. Þar er svæði fyrir landbúnað og mannvirkja sem tengjast býrekrumnum, með áherslu á búfénáð, matvalda og föðurframleiðslu. Ef aðstæður leyfa er heimilt að byggja stók íbúðarhús, sem ekki tengjast býrekrstri á landbúnaðarlandi.

#### Deiliskipulag - skilmálar

Deiliskipulag tekur yfir 2,5 ha lóð Hrafnhólma og um 5,5 ha lóð Hrafntófta 3. Lóðir eru afmarkarða skv. lóðablaði, dags. 20.12.2021 frá Landnot ehf. Lóðir hafa fengið landnr. En afmörkun hefur ekki verið staðfest í landskrá fasteigna. Afmarkaðir verða byggingarreitir fyrir mannvirkni innan lóða.

#### Hrafnhólmi (L233390)

Skv. lóðarblaði er lóðin 5,5 ha. Innan byggingarreits B1, er heimilt að byggja allt að 400 m<sup>2</sup> íbúðarhús og bílskúr, samþyggt eða hvort í sinu lagi. Það er heimilt að byggja allt að 80 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 200 m<sup>2</sup> skemmu/útlíus. Nýtingarhlutfall lóða skv. aðalskipulagi er allt að 0,03. Leitast skal við að láta mannvirkni falla vel að landi. Íbúðarhús getur verið að 1-2 hæðum og mænishæð byggjingu getur verið allt að 8 m frá gólfkóta. Mænistefna er frjáls en leitast skal við að hafa innbyrðis samræmi innan lóðar. Sækja þarf um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi enda er land næst ánni láglent og ekki hentugt byggingarland vegna flóðahættu, m.a. krapastiflur á vetrum.

#### Hrafntóftir 3 (L233391)

Skv. lóðarblaði er lóðin 2,5 ha. Innan byggingarreits B2 er heimilt að byggja allt að 400 m<sup>2</sup> íbúðarhús og bílskúr, samþyggt eða hvort í sinu lagi. Heimilt er að byggja allt að 500 m<sup>2</sup> skemmu/gróðurhús eða útlíus og allt að 80 m<sup>2</sup> gestahús. Nýtingarhlutfall lóða skv. aðalskipulagi er allt að 0,03. Leitast skal við að láta mannvirkni falla vel að landi. Íbúðarhús getur verið að 1-2 hæðum og mænishæð byggjingu getur verið allt að 8 m frá gólfkóta. Mænistefna er frjáls en leitast skal við að hafa innbyrðis samræmi innan lóðar.

#### Vegir og bílastæði

Aðkomu að lóðunum er af Þykkvabæjarvegi nr. 25., sem er tengivegur. Aðkomu vegir eru sýndir á uppdrætti. Fyrir liggur samþykki Vegagerðarinnar dags. 23. apríl 2021 um aðkomu að Hrafnhólmi og að umrædd tenging verði nýtt að veiðisvæðum í Ytri-Rangá. Bílastæði verða innan byggingarreita.

#### Veitur

Gert er ráð fyrir að hús tengist dreifkerfi RARIK og að lagnir fylgi vegum. Neysluvatn verður fengið frá vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Frárennslu verður veitt í hreinsvirki innan lóðar og er leiðbeinandi staðsettning sýnd á uppdrætti. Frágangur og gerð hreinsvirkis og frárennslusigna skal vera í samræmi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til taemigar. Um fráveit gildir reglugerðum fráveitur og skolp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

#### Hönnun og uppdrættir

Húsagerð eru frjálsar að öðru leyti að því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni. Mæliblöð sýna staðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjöldi bílastæða á lóð, staðsettningu og haðir á frárennslus- og vatnslögnum svo og kváðir um inntrök veitustofnana. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblöði.

#### Frágangur lóðar

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþórfu. Landeigandi skal halda landi sínu sem snyrtilegustu svo ekki stafi hætta af búnaði eða munum innan þess nái óðrum til ama. Að jafnönd skal ekki láta lausamuni s.s. gáma standa til lengri tíma innan lóðar án tilskilinna leyfa. Lýsing skal vera lágstemmd og ljósið beiðni niður.

#### Ofanvatn

Bent er að þann kost að veita vatn af húsbókum og hördum yfirborði viðhús beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytli smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatnini að malarpúðanum.

#### Brunavarnir

Lóðin er innan starfssvæðis Brunavarnar Rangárþallsýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000, þar sem veituerfi anna ekki nægju slökkvintni skal tryggja skal aðgengi slökkvibila að vatni s.s. aðgengi að Ytri-Rangá. Brunavarnir verða unnar í samrædi við Brunavarnir Rangárþallsýslu og miða við brunalað bygginga.

#### Sorp

Sorgþeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsettning og frágangur sorpgeymilsna skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphóraða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni. Leitast skal við að flokka sorps eins og kostur er og koma því í viðeigandi farveg til endurvinnslu. Um meðferð, flokknun og losun sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.


#### Málsmeðferð og umsagnaraðilar

Deiliskipulagið er unnið í samrædi landeiganda og sveitarfélags.

#### Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnið og kynnt skv. 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan verði kynnt og samþykkt til auglýsingar í maí 2022. Leitað verður umsagna helstu umsagnaraðila á auglýsingatíma s.s. Minjastofnunar, Vegagerðarinnar, Brunavarnir Rangárþallsýslu og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Eftir atvirkum verður leitað umsagna annarra aðila. Gert er ráð fyrir að skipulag taki gildi í júlí 2022.

SÍKULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR  
Skipulagsuppdráttur er teiknaður í kortagrundi sveitarfélagsins



## Rangárþing ytra



### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Lóðarmörk
- Skipulagt svæði
- Lóð
- Byggingareitir húsa
- Byggingar til skýringa
- Núverandi byggingar
- ΔΔΔ Bílastæði til skýringar
- Vegir
- Veghelgunarsvæði
- Stærð lóðar
- ▲ Aðkoma að lóð
- H Reinsivirkir
- Ár og lækir
- Gróður til skýringar

### SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41.gr skipulagslag nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann \_\_\_\_\_ og í sveitarstjórn Rangárþings Ytra þann \_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

f.h. Rangárþings ytra \_\_\_\_\_

Deiliskipulagið öðlaðist gildi í b-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Hrafntóftir  
Rangárþing ytra  
Deiliskipulag

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
9402	A2	MMR	AB

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:2000	04.05.2022	

SAMPYKKT: **TILLAGA**